



Tilgangur og gildissvið / Purpose and Scope

Tilgangur verklagsreglu er að samræma verklag við afgreiðslu og útgáfu Öryggiskírteinis um lágmarksmönnun, sem gildir fyrir skip skráð sem farþega- og flutningaskip

Ábyrgð / Responsible for actions

Framkvæmdastjóri Farsviðs er ábyrgur fyrir að verklagsreglunni sé framfylgt og haldið við. Hann kynnir starfsmönnum nýja verklagsreglu og/eða breytingar á henni.

Framkvæmd / Actions (ATH breyttur texti frá því sem var í Focal)

Umsóknareyðublað um útgáfu Öryggiskírteinis um lágmarksmönnun skal vistað og vera aðgengilegt á vef Samgöngustofu. Það skal einnig vera aðgengilegt í afgreiðslu Samgöngustofu.

Þegar umsókn um útgáfu Öryggiskírteinis um lágmarksmönnun farþegaskips eða flutningaskips berst Samgöngustofu, skal starfsmaður í þjónustudeild fara yfir innsend gögn samkvæmt gátlista og sannreyna að öll umbeðin gögn hafi borist. Þrep 1.

Ef gögn vantar skal þjónustuver upplýsa viðskiptavin um hvaða gögn vanti.

Afgreiðsla framsendir gögn til viðkomandi starfsmann á deild skírteina einstaklinga til umsagnar og afgreiðslu.

Starfsmaður á deild skírteina einstaklinga metur umsókn og gögn til samræmis við þessa verklagsreglu

Við ákvörðun lágmarksöryggismönnunar skal taka mið af, eftir því sem við á:

1. Hæfni til að
 - 1.1. viðhafa örugga siglinga-, vélstjórnar- og fjarskiptavakt í samræmi við reglu VIII/2 í STCW-samþykktinni frá 1978, með breytingum, og sinna almennu eftirliti með skipinu,
 - 1.2. leggja frá eða að bryggju með öruggum hætti,
 - 1.3. hafa með höndum stjórn öryggismála um borð í skipinu þegar skipið er ferðlaust eða nær ferðlaust á hafi úti,
 - 1.4. sinna störfum, eftir því sem við á, í því skyni að koma í veg fyrir skaða á umhverfi sjávar,
 - 1.5. tryggja öryggisfyrirkomulag og þrifnað allra aðgengilegra rýma til að draga úr eldhættu,
 - 1.6. veita læknishjálp um borð í skipi,
 - 1.7. tryggja öruggan flutning farms meðan á ferð stendur,
 - 1.8. skoða og viðhalda, eftir því sem við á, styrk burðarvirkis skipsins,
 - 1.9. starfa í samræmi við samþykta verndaráætlun skipsins.
2. Getu til að
 - 2.1. stjórna öllum búnaði til að loka vatnspéttum dyrum og halda búnaði í virku ástandi og kalla út hæfa starfsmenn til að annast neyðarviðgerðir,
 - 2.2. starfrækja allan slökkvi-, neyðar- og björgunarbúnað um borð, framkvæma tilskilið viðhald á sjó og kalla alla menn um borð til söfnunarstöðva sinna og koma þeim frá borði og
 - 2.3. stjórna framdrifs- og hjálparvélum, þ.m.t. mengunarvarnarbúnaði og halda þeim í öruggu ástandi svo tryggt sé að skipinu sé ekki hætta búin meðan sjóferð stendur yfir.
3. Einnig ber að taka mið af eftirtöldum þáttum um borð þegar við á:



- 3.1. viðvarandi þjálfunarkröfum fyrir alla farmenn um borð, þar með talið vegna stjórnunar og notkunar slökkvi- og neyðarbúnaðar, búnaðar til björgunar mannlífa og búnaðar til vatnspéttrar lokunar,
- 3.2. kröfum um sérþjálfun vegna tiltekinna tegunda skipa og í þeim tilvikum sem skipverjar sinna skipsstörfum í hinum ýmsu deildum innan skipsins,
- 3.3. að fæði og drykkjarvatn um borð sé viðunandi,
- 3.4. nauðsyn þess að taka að sér skyldustörf og axla ábyrgð á neyðarstundu og
- 3.5. að byrjendum til sjós séu veitt tækifæri til þjálfunar svo þeir geti öðlast þá reynslu sem nauðsynleg er.

Þá skal ákvarða lágmarksöryggismönnun með hliðsjón af

1. Stærð og gerð skips
2. fjölda, stærðar og gerð framdrifs- og hjálparvéla
3. stigi sjálfvirkni um borð í skipinu,
4. smíði og búnaði skipsins,
5. viðhaldsaðferð sem beitt er,
6. farmur sem flytja ,
7. hve oft er komið til hafnar, lengd og eðli fyrirhugaðra sjóferða,
8. farsvið, hafsvæði og rekstur sá sem skipið er í,
9. umfang þeirra þjálfunarstarfa sem stunduð eru um borð,
10. að hvaða marki félagið veitir skipinu stuðning úr landi,
11. gildandi vinnutímatakmörkanir og/eða hvíldarkröfur og
12. ákvæði samþykkrar verndaráætlunar skipsins.

Byggja ber ákvörðun lágmarksöryggismönnunar skips **á starfssviði sem sinnt er á viðeigandi ábyrgðarsviði** eins og kveðið er á um í STCW kóðanum þar sem eftirfarandi kemur fram:

1. siglingafræði (sjóferðaáætlun, örugg siglingavakt, stjórn tök til að sigla skipinu við allar aðstæður, leggja frá eða að bryggju með öruggum hætti)
2. Meðferð og hleðsla farms
3. Rekstur skips og umönnun allra um borð (halda björgunarbúnaði starfhæfum, stjórna búnaði til að loka vatnspéttum dyrum, kalla alla að sinni söfnunarstöð og koma frá borði, vernd sjávar, veita læknishjálp, sinna siglingavernd)
4. Vélstjórn (starfræksla véla, viðhöfn vélstjórnarvaktar í samræmi við STCW kóðann, framkvæmd og stjórn verkefna vegna eldsneytis og kjölfestu, störf til að tryggja öryggi vélbúnaðar, - kerfa og þjónustu)
5. Störf við rafmagns-, rafeinda- og stjórnbúnað véla (stjórna rafbúnaði skips og viðhalda öryggi rafmagns og rafkerfa skips)
6. Fjarskiptastörf (móttaka og sending upplýsinga í gegn um fjarskiptabúnað, sinna öruggri fjarskiptavakt í samræmi við kröfur Alþjóðaradlóreglugerðarinnar, sinna fjarskiptum á neyðarstundu)
7. Viðhaldsstörf (viðhald og viðgerðir á skipi og vél, búnaði og kerfum).

Til viðbótar skal skoða

1. stjórnun og framkvæmd öryggis, verndar og umhverfismála um borð þegar skip er ekki á ferð (ship at sea when not under way)
2. Að um borð sé nægur mannskapur til að koma á þrískiptu vaktakerfi, nema í skipum af takmarkaðri stærð hvað varðar yfirmenn á þilfari og yfirmenn í vél.
3. Tekið sé mið af hollustuháttum og hreinlæti um borð.
4. Fullnægjandi fæði og drykkjarvatn.



Til viðbótar skal skoða;

1. Þann fjöldi sem þarf við þær aðstæður þegar hvað mest álag er.
2. Færni skipstjóra og áhafnar til að samræma störf svo unnt sé að tryggja stöðugan rekstur, siglingavernd og umhverfisvernd sjávar.

Taka ber mið af gildandi gerningum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar (ILO), Alþjóðafjarskiptasambandsins (ITU) og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar sem kveða á um:

3. 1 vaktstöðu,
4. 2 vinnu- eða hvíldartíma,
5. 3 öryggisstjórnun,
6. 4 skírteinisútgáfu til farmanna,
7. 5 menntun og þjálfun farmanna,
8. 6 öryggi á vinnustað, heilbrigði og hollustuhætti,
9. 7 vistarverur áhafnar og fæði,
10. 8 siglingavernd, og
11. 9 fjarskipti.

Ef upplýsingar skortir skal óska eftir þeim frá umsækjanda

Þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir skal starfsmaður á deild skírteina einstaklinga leggja mat á hvort lágmarksmönnun sé fullnægjandi.

Öryggiskírteini skal undirritað af þeim sem til þess hefur heimild framkvæmdastjóra Farsviðs.

Afrit af öryggiskírteini skal vista undir viðkomandi málanúmeri og upplýsa Ísafjörð um niðurstöðu

Starfsmaður skal síðan færa í lögskráningakerfið þá mönnunarreglu sem mælt er fyrir um í öryggiskírteini.

Tilvísanir / References

7.3.11 alþjóðasamykktt um viðmiðaninir að því er varða menntun og þjálfun

skírteini og vaktsöður sjómanna

(STCW) 1978

sbr. auglýsingu nr. 38/1995.

[Ytri kröfur]

Skrár / Records



Útgáfa Öryggiskírteinis um lágmarksmönnun

VER-
2034

~~0.30.5.~~
útg

[15.01.2020](#)~~14.01.2020~~~~02.01.2020~~

Síða: 4 af 4

Ábyrgð: Deildarstjóri - Skírteini sjófarenda